

551.501.1(491.1)

Veðurstofa Íslands

REGLUR

UM VEÐURSKEYTI

(1947)

Bókasafn Veðurstofu Íslands



2000083971

Reglur um veðurskeyti.

(Samþykktar á allsherjarþingi veðurfræðinga í Washington 1947 og á þingi veðurfræðinga Norðurálfu í París 1948).

Hvert veðurskeyti er minnst fjögur talnaorð, en getur orðið níu eða fleiri, eftir því sem með þarf (sjá leiðbeiningar). Skeytin verða nokkuð mismunandi eftir því, hvaða mælitæki stöðin hefir, og hvort hún er við sjó eða til sveita. Venjulegir athugunartímar eru: kl. 02, 05, 08, 11, 14, 17, 20 og 23 eftir íslenskum meðaltíma. Fæstir athugunarmenn senda skeyti á öllum þessum tímum, og fer það eftir samkomulagi, hve oft hver stöð sendir veðurskeyti.

Ef lykllarnir eru táknaðir með bókstöfum, líta þeir þannig út:

I iiiT_dT_d Nddff VVwwW PPPTT N_hCLhC_MCH
 (6^Ea_xapp) (7RR_{T_n}^{T_x}T_n^{T_x}) (8N_sCh_{sh}s) (9SpSp_sp_sp)

II iiitt Nddff VVwwW N_hCLhC_MCH (6E_{xxx})
 (7RR_{T_n}^{T_x}T_n^{T_x}) (8N_sCh_{sh}s) (9SpSp_sp_sp)

Bókstafirnir tákna, hver um sig, ýmsar upplýsingar um veðrið. Í skeytið eru settar tölur í stað bókstafanna eftir reglum, sem hér fara á eftir.

Yfirlit um merkingu bókstafanna:

- | | | | |
|--------|---|-------------------------------|---|
| 1. orð | { | iii | stöðvarnúmer. |
| | | T _d T _d | daggarmark í heilum stigum. |
| 2. orð | { | N | skýjahala (skýjamagn) alls (af lágskýjum, miðskýjum og háskýjum) í áttunduhlutum. |
| | | dd | vindátt í tugum gráða. |
| | | ff | vindhraði í hnútum. |
| 3. orð | { | VV | skyggni. |
| | | ww | veðrið í þann mund, sem athugun er gerð. |
| | | W | veðurlagið síðan næsta skeyti á undan var sent. |
| 4. orð | { | PPP | loftþrýstingur við hafflöt og 0° hita. |
| | | TT | lofthiti í heilum stigum. |

VEÐURSTOFA ÍSLANDS
BÓKASAFN

Reglur þessar voru í notkun frá 1/1 1949
 til 31/12 1950

5. orð { N_h skýjahula sú, sem hæðin er gefin á með stafnum h.
 C_L tegund lágskýja.
h hæð frá athugunarstað upp að þeim skýjum, sem N_h á við.
 C_M tegund miðskýja.
 C_H tegund háskýja.
6. orð { 6 einkennisstafur orðsins.
E jarðlag, snjóalög, bleyta o.s.frv.
 a_x nákvæm lýsing á línuriti síritandi loftvogar síðustu þrjár klukkustundir.
a hvernig síritandi loftvog hefir breyttzt síðustu þrjár klukkustundir.
pp hve mikið loftvog hefir breyttzt síðustu þrjár klst. í tíundu hlutum úr millíbar.
7. orð { 7 einkennisstafur orðsins.
RR úrkoma í millímetrum síðasta dægrið.
 $T_x T_x$ hámarkshiti dagsins.
 $T_n T_n$ lágmarkshiti naturinnar
8. orð { 8 einkennisstafur orðsins.
 N_s skýjamagn aðalskýjalags.
C tegund skýja í aðalskýjalagi.
 $h_s h_s$ hæð frá athugunarstað upp að aðalskýjalagi.
9. orð { 9 einkennisstafur orðsins.
 $S_p S_p$ sérstök veðurfyrirbæri, almenn lýsing.
 $s_p s_p$ sérstök veðurfyrirbæri, nákvæm lýsing.

Frá stöðvum sem hafa kvikasílfursloftvog, "þurran" og "votan" hitamæli og úrkomumæli, skal senda veðurskeyti samkvæmt lykli I:

Kl. 08: $iiiT_d T_d Nddff VVwwW PPPTT N_h C_L h C_M C_H 6Eapp 7RRT_n T_n$

" 17: " " " " " " " " $7RRT_x T_x$

A öðrum skeytatímum: $iiiT_d T_d Nddff VVwwW PPPTT N_h C_L h C_M C_H 6a_x app$

Frá stöðvum, sem aðeins hafa hitamæli og úrkomumæli, skal senda veðurskeyti samkvæmt lykli II:

Kl. 08 og 17: $iiiTT Nddff VVwwW N_h C_L h C_M C_H 6Exxx 7RRXX$

A öðrum skeytatímum: $iiiTT Nddff VVwwW N_h C_L h C_M C_H$

Þær stöðvar, sem hafa hámarks- og lágmarksmæla, senda $T_n T_n$ og $T_x T_x$ í orðinu með einkennisstaf 7 eftir sömu reglum og stöðvar, sem nota lykil I.

Frá stöðvum, sem engin áhöld hafa, skal senda:
 $iii Nddff VVwwW N_h C_L h C_M C_H (6Exxx)$

Attunda orð er sent samkvæmt sérstakri beiðni eða ef skýra þarf nánar skýjalög og hæð skýja.

Niúnda orð gefur sérstakar og nákvæmar upplýsingar, sem ekki er hægt að senda í hinum reglulegu skeytum.

Nánari skýring á tölugildi bókstafanna.

1. orð. $iiiT_dT_d$

I staðinn fyrir iii eru settar tölur, sem tákna númer stöðvarinnar. Hver stöð fær tilkynningu um, hvaða númer hún skuli nota.

T_dT_d er daggarmarkið í heilum stigum. Daggarmarkið er hitastigið, sem loftið þarf að kælast niður í, til þess að það verði mettað án þess að rakamagnið breytist, sem í loftinu er.

Ath: Hitastig "vota" hitamælisins og daggarmarkið eru tvö ólík hugtök, sem ekki má rugla saman. Daggarmarkið og hitastig "vota" hitamælisins eru því ekki jafnhá nema í sérstökum tilfellum.

Daggarmarkið er reiknað út af mismun á "þurrum" og "votum" hitamæli og er til þess notuð tafla sem fylgir leiðbeiningum þessum.

2. orð. $Nd\ddot{a}ff$

N þýðir hve mikið af himni alls er hulið skýjum (lágskýjum, miðskýjum og háskýjum).

Skýjahula (N)

Skeytastafur

0	þýðir: heiðríkt (engin ský).
1	" 1/8 af himni er hulinn skýjum.
2	" 2/8 " " eru huldir " (1/4 skýjað).
3	" 3/8 " " " " " "
4	" 4/8 " " " " " " (hálfskýjað).
5	" 5/8 " " " " " " "
6	" 6/8 " " " " " " (3/4 skýjað)
7	" 7/8 " " " " " " "
8	" alskýjað.
9	" sést ekki til lofta vegna þoku, moldroks, ösku eða af öðrum orsökum.

Ath: a) ef vottur er af skýjum, en minna en 1/8, skal nota skeytastaf 1.

b) ef meira en 7/8 af himni ^{er hulið} ~~eru huldir~~ skýjum, en samt ekki alskýjað, skal nota 7.

dd: Vindáttin við yfirborð jarðar er sú átt, sem vindur stendur af við yfirborðið, eða öllu heldur í hér um bil 10 m. hæð yfir athugunarstaðnum. Vindáttin er talin eftir réttum áttum (ekki áttavita). Rétt norður er stefnan á Norðurstjörnuna (Pólstjörnuna), og rétt suður er stefnan á sólina, þegar hún er í hádegisstað. Í almanakinu sést, hvenær sólín er í hásuðri (hádegisstað) frá Reykjavík eftir rétttri klukku (símaklukku, útvarpsklukku). Þar er og leiðarvísir til að finna hásuður annars staðar á landinu. Ef snúra með lóði er hengd upp í suðurglugga, fellur skugginn af snúrunni í norður-suður stefnuna á því augnabliki, þegar sólín er í hásuðri. Einnig má finna áttirnar af góðum landabréfum.

Vindáttina má taka eftir vindbáru á breiðum fjörðum eða rúmsjó, en á þröngum fjörðum er varasamt að taka mark á bárunni. Flögg og veifur á háum stöngum (á bersvæði) eru góðir vindhanar, einnig reður í hægum vindi. En algengast er, að athugunarmaðurinn standi á bersvæði og setji andlitið beint í vindinn. Sumir bleyta fingur og halda

honum beint upp í loftið, til þess að finna, hvaðan vindur blæs, einkum ef hann er hægur. Ef vindur er byljóttur, verður að tilgreina það með sérstöku skeytaorði, sem byrjar á 9 og er mesti vindhraðinn þá einnig tilgreindur (sjá aftar í leiðbeiningunum).

Með dd er vindáttin gefin í tugum gráða samkvæmt eftirfarandi töflu:

Vindátt	Skeytastafur	Gráður
Logn	00	-
	01	10
NNA	02	20
	03	30
NA	04	40
	05	50
	06	60
ANA	07	70
	08	80
Austan	09	90
ASA	10	100
	11	110
	12	120
SA	13	130
	14	140
SSA	15	150
	16	160
Sunnan	17	170
	18	180
SSV	19	190
	20	200
	21	210
SV	22	220
	23	230
VSV	24	240
	25	250
Vestan	26	260
	27	270
VNV	28	280
	29	290
	30	300
NV	31	310
	32	320
NNV	33	330
	34	340
Norðan	35	350
	36	360

Ath: NA = 45°, SA = 135°, SV = 225°, NV = 315°

Þegar vindátt er NA, verður að gefa annaðhvort dd = 04 eða dd = 05, og verður athugunarmaður að ákveða, hvort hann gefur í hvert skipti. Sama máli gegnir með SA, SV og NV. Þar verður athugunarmaður að velja á milli, eftir því sem honum finnst réttast. Vindurinn er aldrei stöðugur, hvorki í átt né styrkleika. Athugunarmaður verður því að gefa meðalgildi síðustu 10 mínútna á dd og ff.

Ef vindhraðinn er 100 - 199 hnútar skal bæta 50 við vindáttina og draga 100 frá vindhraðanum.

Dæmi: Hraði = 105 hnútar, dd = 27 (vestan átt) og N = 8 (alskýjað) þá er Nddff = 87705, því að dd = 27+50=77 og ff = 105-100=05.

ff: Vindhraðinn í hnútum. Hnútur er = 1852 metrar á klst. og er hægt að jafna við 1/2 metra á sek. án verulegrar skekkju.

Ef vindmælir er ekki á athugunarstaðnum, verður athugunarmaðurinn að áætla vindstyrkleikann í vindstigum, eins og áður var gert, og breyta svo vindstígunum í hnúta samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Veðurhæðin:					
Vind- stig.	Hnútar	Meðal- hraði í hnútum.	Metrar á sekúndu.	Heiti.	Áhrif vindsins.
0	Minna en 1	00	0-0.2	Hæg- viðri.	Spegilsléttur sjór. Reyk leggur beint upp. Varla blaktir hár á höfði.
1	1-3	02	0.3-1.5		Aðeins gráð á vatni. Reyk leggur með vindinum.
2	4-6	05	1.6-3.3	Gola.	Smábáru myndast, en hvítna hvergi. Fyllir segl á smábátum. Þurk- flæsa á hey.
3	7-10	09	3.4-5.4		Hvítnar á stöku bárutoppi. Dágott leiði. Breiðir úr léttum flöggum. Litlar trjágreinar nötra.
4	11-16	13	5.5-7.9	Kaldi.	Hvítnar víða á báru og heyrst dálítið gjálfur, þegar báran fellur. Gott leiði. Moldrok á þurrum vegum. Erfitt að raka þurru heyi á móti.
5	17-21	18	8.0-10.7		Hvítnar í hverri báru og freyðir á toppunum. Heyrist sífelldur niður af hrynjandi bárum. Batar fara að rífa. Heyrist á húsum. Fullhvasst að fara með þurrt hey.
6	22-27	24	10.8-13.8	Stinn- ings- kaldi.	Allstórar öldur myndast með freyðandi földum. Þungur ölduniður heyrst. Þreytandi að ganga móti vindi. Erfitt að fara með þurrt hey.
7	28-33	30	13.9-17.1	All- hvas vindur.	Stórar öldur myndast með breiðum sköflum. Erfitt að ganga á móti vindi. Heysæti fjúka.
8	34-40	37	17.2-20.7	Hvas- viðri.	Stórir brimskaflar á rúm- sjó og löðurgárar myndast undan vindi. Sogandi sjávarhljóð heyrst. Menn "baksa" móti vindinum.
9	41-47	44	20.8-24.4	Stormur.	Holskeflur myndast. Hvítir rokgárar sjást á sjónum. Erfitt að standa kyrr á bersvæði.

Vindstíg.	Hnútar	Meðalhraði í hnútum.	Mettrar á sekúndu.	Heiti.	Ahrif vindsins.
10	48-55	52	24.5-28.4	Rok (sjaldgæft í inn-sveitum)	Stórar holskeflur myndast. Sjór er í hvíta roki. Drynjandi öldugnýr heyr-ist. Varla hægt að ráða sér á bersvæði.
11	56-63	60	28.5-32.6	Ofsa-veður. (sjaldgæft)	Stórsjór. Særinn rýkur sem mjöll. Oft stórskemmdir.
12	64-71	68	32.7-36.9	Fárviðri. (mjög sjaldgæft).	Óstætt veður. Stórskemmdir bæði á sjó og landi.
13	72-80	76	37.0-41.4	Fárviðri. (Ákaflega sjaldgæft).	Stórskemmdir og skaðar.
14	81-89	85	41.5-46.1		
15	90-99	95	46.2-50.9		
16	100-108	104	51.0-56.0		
17	109-118	114	56.1-61.2		

Það, sem sagt er í töflunni um sjávaröldu, gildir einkum á rúm-sjó. Nálægt landi verður að taka ýmsa staðhætti með í reikninginn. Þegar mikil undiralda er, þarf minni vind til að ýfa sjóinn, og eins ef vindur stendur móti straumi (sjávarföllum). Þegar landátt er brimar og að vonum minna en í hafátt.

Yfirleitt er atlazt til þess, að veðurathugunarmenn noti tölurnar í dálknum: "Meðalhraði í hnútum" sem skeytastafi, en þó er heimilt að nota hvaða tölur, sem eru, innan þeirra takmarka, sem sett eru í dálknum: "Hnútar".

Þar sem vindmælar eru, skal auðvitað senda þann vindhraða, sem mælirinn sýnir.

Vindmælirinn sýnir vindhraðann í metrum á sekúndu. Þessi hraði er margfaldaður með tveimur og fæst þá vindhraðinn í hnútum.

Vindur er talinn byljóttur, ef vindhraðinn fer á 1-20 sek. 10 hnúta eða meir upp fyrir meðalvindhraðann (10 mín. meðaltalið). Ef vindhviðan stendur yfir lengur en 20 sek., er hún talin með í 10 mín. meðaltalinu og vindurinn er þá ekki talinn byljóttur.

3. orð VVwww

VV: Skyggnið er talið í metrum eða kílómetrum samkvæmt meðfylgjandi töflu. Skeytastafirnrir 90-99 skulu eingöngu notaðir samkvæmt sérstökum fyrirmælum. Skyggnið skal gefið með tveimur stöfum, og er mjög áriðandi að það sé gefið sem nákvæmast vegna flugsamgangna, svo og vegna skipaferða, þar sem svo ber undir. Skyggnið er alltaf miðað eftir yfirborði jarðar og í mannhæð, ef hægt er. Skyggnið fer eftir því, hve mikið er í loftinu af ryki, sandi, reyk, vatnsdropum, ís- eða snjókornum.

Með skyggni er átt við fjarlægðina til þeirra hluta, sem maður getur greint útlínurnar á, við dagsbirtu.

Það er ekki nóg að sjá "grilla í" skyggnismarkið. Maður þarf að geta séð það greinilega og þekkt, hvað það er, jafnvel þótt maður hafi ekki séð það áður. Það er t.d. ekki nóg í þokuveðri að sjá móta fyrir einhverjum hlut, ef maður þekkir hann ekki eða getur ekki sagt, hvaða hlutur þetta er.

Það verður að ákveða fyrirfram í eitt skifti fyrir öll sérstök skyggnismörk, svo sem staura, reykháfa, hóla, stóra steina eða byggingar, sem standa í grennd við athugunarstaðinn. Fyrir meiri fjarlægðir má notast við fjöll, tindar o.s.frv. Bezt er að skyggnismarkið beri við himin eða "skeri vel úr" við baksviðið. Í myrkri er auðvitað ekki gott að notast við slík skyggnismörk, nema þau séu í grennd. Þá má nota ljós með ákveðnu ljósmagni, sem vitað er, hvað langt eru í burtu, svo má líka áætla skyggnið eftir því, hvað nærlægir hlutir sjást vel. Það skal tekið skýrt fram, að skyggnið er mælikvarði á það, hvað loftið er tært og "hreint", en ekki mælikvarði á það, hvað sjá má langt í myrkri.

Ef skyggnið er mismunandi í ólíkar áttir, skal tilgreina það lakasta, nema öðruvísi sé ákveðið í sérstökum leiðbeiningum (skyggni til hafsins o.s.frv.) Þetta gildir einnig, ef þokubakkar eru við athugunarstaðinn (ww=41). En þótt í grennd við athugunarstaðinn sé þoka (ww=40), rigning eða önnur veðurfyrirbæri, sem minnka skyggnið í vissa átt á takmörkuðu svæði, á ekki að taka tillit til þess. Ef "lágþoka" er á athugunarstaðnum eða í grennd, skal gefa skyggnið yfir lágþokunni.

Ef skyggnið er á takmörkunum milli tveggja skeytastafa, skulu hærra stafirnir notaðir. Dæmi: Sé skyggnið 1400 m. verður VV = 07.

VV	Skyggni	VV	Skyggni	VV	Skyggni.
Skeytastafur	í metrum.	Skeytast.	í kílómetrum.	Skeytast.	
X0	minna en 20	10	2	90	minna en 50 m
X1	20	12	2 1/2	91	50 "
X2	40	15	3	92	200 "
X3	60	17	3 1/2	93	500 "
X4	80	20	4	94	1000 "
X5	100	25	5	95	2000 "
X6	120	30	6	96	4000 "
X7	140	35	7	97	10 km.
X8	160	40	8	98	20 "
X9	180	45	9	99	50 km eða meira.
00	minna en 200	50	10		
01	200	60	12		
02	400	70	14		
03	600	80	16		
04	800	81	20		
05	1000	82	40		
06	1200	83	60		
07	1400	84	80		
08	1600	85	100		
09	1800	86	150		
		87	200		
		88	300		
		89	500 eða meira.		

Ath: Ef skyggnið er milli tveggja fjarlægða í töflu- unni, skal ætið tilgreina lægri skeytastafinn. Dæmi: Skyggnið er 350 m. þá er VV = 01

Veðrið á athugunartíma.

ww = Veðrið á athugunarstaðnum eða eins langt og séð verður.

OO-49: Engin úrkoma á athugunartímanum.

OO-19: Engin úrkoma, þoka, ryk- sand-eða snjófok á staðnum á síðustu klst. (nema ww = 09).

Skeytastafir.

Veðrið.

- | | | |
|----|---|--|
| 00 | Ekki vitað um breytingu skýjanna eða þau ekki athuguð. | } Breyting
skýjanna
á
síðustu
klst.

} Reykur,
móða
eða
mistur. |
| 01 | Skýin í upplausn eða að minnka. | |
| 02 | Skýjahulan í heild óbreytt. | |
| 03 | Ský að myndast eða aukast. | |
| 04 | Skyggnið er orðið lakara vegna verksmiðjureyks eða óskumisturs frá skógar- heiða- eða sléttueldi, eða frá eldfjöllum. | |
| 05 | Mistur eða móða (loftið er bláleitt) | |
| 06 | Í loftinu er ryk (mistur), sem hefir þó <u>ekki</u> þyrlast upp í grennd við athugunarstaðinn. | |
| 07 | Ryk, mold eða sandur þyrlast upp á athugunarstaðnum eða í grennd við hann, samt sjást ekki greinilegir rykstrókar né meiriháttar sandfok eða moldrok. | |
| 08 | Greinilegir rykstrókar hafa sézt í grennd við athugunarstaðinn á síðustu klst., en <u>ekkert</u> meiriháttar sandfok eða moldrok. | |
| 09 | Meiriháttar sandfok eða moldrok hefir verið sjáanlegt eða hefir verið á athugunarstaðnum á síðustu klst. | |
| 10 | Þokumóða. Skyggni 1-2 km. (Loftið er gráleitt) | |
| 11 | Einstakir þokuflákar. | } Lágþoka (þokulæða) við athugunarstaðinn. Mesta hæð þokunnar 2 m. á landi, 10 m. á sjó. |
| 12 | Nokkurn veginn samfeld lágþoka | |
| 13 | Leiftur eða rosaljós sjáanleg, en ekkert þrumuhljóð heyrast. | |
| 14 | Úrkoma sjáanleg, en nær ekki til jarðar á ath.stað. | } Ýmis
veður-
fyrirbæri
í grennd en
<u>ekki</u> á athugunarstað. |
| 15 | Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í meira en 5 km fjarlægð frá athugunarstað. | |
| 16 | Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í minna en 5 km fjarlægð frá athugunarstað. | |
| 17 | Skruggur (þrumuhljóð) heyrast, en <u>engin úrkoma</u> á athugunarstaðnum. | |
| 18 | Snörp vindhviða eða hryðja (ein eða fleiri) hefir sézt á síðustu klst. | |
| 19 | Vatnsstrókur eða strókar ("Kisur") eða skýstrókur hafa sézt á síðustu klst. | |

20-29: Úrkoma, þoka eða þrumuveður á athugunarstaðnum á síðustu klst. en ekki á athugunartíma.

Skeytastafir

Veðrið.

- 20 Úði (súld) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 21 Rigning á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 22 Snjókoma á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 23 Rigning og snjór á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 24 Úði (súld) eða rigning hafa myndað ísingu (íslag) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 25 Skúrir á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 26 Snjó-eða slydduél á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 27 Hagléi eða skúrir og hagléi (Hagl = snæhagl, hagl eða íshagl) á síðustu klst., en ekki á ath.tíma.
- 28 Þoka á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.
- 29 Þrumur með eða án úrkomu á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.

Jöfn úrkoma á síðustu klst. (ekki í skúrum eða éljum).

Skúrir eða íl á síðustu klst.

30-39: Moldrok, sandfok eða skafrenningur.

- 30 Lítilsháttar eða talsvert moldrok eða sandfok. Hefir farið minnkandi á síðustu klst.
- 31 Lítilsháttar eða talsvert moldrok eða sandfok. Því nær óbreytt síðustu klst.
- 32 Lítilsháttar eða talsvert moldrok eða sandfok. Hefir aukizt á síðustu klst.
- 33 Mikið moldrok eða sandfok. Hefir farið minnkandi á síðustu klst.
- 34 Mikið moldrok eða sandfok. Því nær óbreytt á síðustu klst.
- 35 Mikið moldrok eða sandfok. Hefir aukizt á síðustu klst.
- 36 Skafrenningur, en aðeins með jörðu. Lítilsháttar eða talsverður.
- 37 Skafrenningur, en aðeins með jörðu. Mikill.
- 38 Skafrenningur, nær hátt frá jörðu. Lítilsháttar eða talsverður.
- 39 Skafrenningur, nær hátt frá jörðu. Mikill (skafbál, kóf).

40-49: Þoka. Skyggni minna en 1000 m. nema ww = 40.

Skeytastafir

Veðrið.

- 40 Þoka sjáanleg en hefir ekki verið á athugunarstaðnum á síðustu klst. Þokan nær hærra en athugunarstaður.
- 41 Þokubakkar (þokuflákar).
- 42 Þokan hefir orðið gisnari á síðustu klst. Sér til himins eða skýja fyrir ofan.
- 43 Þokan hefir orðið gisnari á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.
- 44 Þokan hefir ekki breytt á síðustu klst. Sér til himins eða skýja fyrir ofan.
- 45 Þokan hefir ekki breytt á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.
- 46 Þokan hefir skollið yfir eða orðið dimmri á síðustu klst. Sér til himins eða skýja fyrir ofan.
- 47 Þokan hefir skollið yfir eða orðið dimmri á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.
- 48 Hrímpoka (Köld þoka, sem veldur ísingu eða glerung). Sér til himins eða skýja fyrir ofan.
- 49 Hrímpoka (Köld þoka, sem veldur ísingu eða glerung). Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.

50-99: Úrkoma á athugunartíma á athugunarstað.

50-59: Úði eða súld (örsmáir dropar), eða úði og þoka.

Skeytastafir

Veðrið.

- 50 Lítilsháttar úði með uppstyttum.
- 51 " " og óslitinn.
- 52 Talsverður úði með uppstyttum.
- 53 " " og óslitinn
- 54 Þéttur (mikill) úði með uppstyttum.
- 55 " " " og óslitinn.
- 56 Úði, sem myndar ísingu. Lítilsháttar.
- 57 " " " " Talsverður eða þéttur (mikill).
- 58 Úði og regn. Lítilsháttar.
- 59 " " " Talsvert eða þétt (mikið).

60-69: Rigning eða rigning og þoka.

Skeytastafir.	Veðrið.
60	Lítillsháttar rigning með uppstyttum.
61	" " og óslitin.
62	Talsverð rigning með uppstyttum.
63	" " og óslitin.
64	Mikil rigning með uppstyttum,
65	" " og óslitin.
66	Rigning, sem myndar <u>ísingu</u> . Lítillsháttar.
67	" " " " Talsverð eða mikil.
68	Rigning og snjór eða úði og snjór. Lítillsháttar.
69	" " " " " " " Talsverð eða mikil.

70-79: Snjókoma (eða önnur úrkoma í föstu formi) eða snjókoma og þoka.

70	Lítillsháttar snjókoma með uppstyttum.
71	" " og óslitin.
72	Talsverð snjókoma með uppstyttum.
73	" " og óslitin.
74	Mikil snjókoma með uppstyttum.
75	" " og óslitin.
76	Ísnálar (með eða án þoku).
77	Kornsnjór (Hnöttótt snjókoma) (með eða án þoku).
78	Einstakar snjóstjörnur (með eða án þoku).
79	Ískorn. (Smágerð korn mynduð úr ís).

80-99: Skúra-eða éljaveður.

80-90 Skúra-eða éljaveður án þrumuveðurs.

80	Skúrir. Lítillsháttar.
81	" Talsverðar eða miklar.
82	" Mjög miklar. (Skýfall).
83	Slydduél. (Snjókorn og regndropar saman). Lítillsháttar.
84	" " " " " Talsverð eða mikil.
85	Snjóél. Lítillsháttar.
86	" Talsverð eða mikil.
87	Haglél (hagl eða snæhagl), með eða án regns eða slyddu. Lítillsháttar.
88	" " " " " " " " " Talsverð eða mikil.
89	Íshaglél, með eða án regns eða slyddu. Lítillsháttar.
90	" " " " " " " Talsverð eða mikil.

91-99: Þrumuveður.

Skeytastafir.

Veðrið.

- 91 Þrumur (skruggur) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Rigning á athugunartíma. Lítilsháttar.
- 92 Þrumur (skruggur) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Rigning á athugunartíma. Talsverð eða mikil.
- 93 Þrumur (skruggur) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Snjócoma, slydda eða hagl (snæhagl, hagl eða íshagl) á ath.tíma. Lítilsháttar.
- 94 Þrumur (skruggur) á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Snjócoma, slydda eða hagl (snæhagl, hagl eða íshagl) á ath.tíma. Talsvert eða mikið.
- 95 Þrumuveður (skruggur) á athugunartíma. Lítilsháttar eða talsvert þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu (ekki hagl)
- 96 Þrumuveður (skruggur) á athugunartíma. Lítilsháttar eða talsvert þrumuveður samfara hagli (snæhagl, hagl eða íshagl).
- 97 Þrumuveður (skruggur) á athugunartíma. Mikið þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu (ekki hagl).
- 98 Þrumuveður (skruggur) á athugunartíma. Þrumuveður samfara moldroki eða sandfoki.
- 99 Þrumuveður (skruggur) á athugunartíma. Mikið þrumuveður samfara hagli (snæhagl, hagl eða íshagl).

W: Veðrið á milli athugana, þ.e. aðaleinkenni veðursins síðan næsta skeyti á undan var sent.

Skeytastafur

- 0 Þýðir heiðríkt (engin ský) eða léttskýjað.
- 1 " breytileg skýjahúla (ýmist skýjað eða léttskýjað).
- þurrt } 2 " þykkt loft (alskýjað eða því sem næst).
- veður } 3 " sand- eða moldrok eða skafrenningur (engin úrkoma).
- 4 " þoka án úrkomu.
- 5 " úði eða súld.
- 6 " rigning.
- Úrkoma } 7 " snjócoma eða slydda.
- 8 " skúrir eða él (ekki þrumur).
- 9 " þrumuveður með eða án úrkomu.

Ef tveir eða fleiri stafir geta komið til greina, á altaf að velja hæsta stafinn í skeytið, nema það veður sem hæsti stafurinn lýsir sé tilgreint í ww.

Dæmi: Ef rigning hefir verið á stöðinni, og gengið í éljaveður á síðustu klukkustund, en úrkomulaust á athugunartíma, þá verður ww = 26 eða 27. Þá skal senda W = 6, en ekki 8.

Athugasemdir við ww.

Veðrið á athugunartíma eða á síðustu klukkustund fyrir athugunartíma er gefið til kynna með skeytastöfunum ww.

Skeytastöfunum fyrir ww er skipt í 10 flokka:

00-09	Ymis	Fyrst ákveður veðurathugunarmaðurinn, hvaða flokkur lýsir veðrinu best, og því næst velur hann þær tölur innan flokksins, sem gefa besta lýsinguna á veðrinu á athugunartíma eða á síðustu klukkustund. Ef um tvær tölur getur verið að ræða - þ.e. það getur verið vafasamt, hvort skuli gefa - þá skal <u>ætið velja hærri töluna.</u>
10-19	veður	
20-29	fyrir-	
30-39	bæri.	
40-49	þoka.	
50-59	Úði.	
60-69	Regn.	
70-79	Sníókoma.	
80-90	Skúrir eða éli.	
91-99	Þrumuveður.	

Dæmi: Ef þoka hefir verið síðustu klst., en svo hefir byrjað að rigna skömmu fyrir eða á athugunartíma þá skal tákna ww með tölu úr flokki 6 (þ.e. rigning), því að það er hærri tala en ww=28, sem þýðir þoka á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.

Flokkar 0-4 (00-40) eru notaðir þegar úrkoma er ekki á ath. tíma.

Flokkar 5-9 (50-99) eru notaðir þegar úrkoma er á athugunartíma.

Flokkar 0-1 (00-19) eru notaðir, þegar úrkoma er engin á athugunartíma og skyggnið er ekki minna en 1000 m. vegna þoku, moldroks, sandfoks eða skafrennings á athugunartíma, og einnig ef úrkoma, þoka eða þrumur hafa ekki verið á athugunartímanum á síðustu klst.

ww=05: móða eða mistur. Í loftinu eru smáagnir, sem ekki sjást með berum augum, en eru samt svo margar, að þær gera skyggnið lakara en ella.

ww=06: mistur. Í loftinu eru smáagnir, oft sjáanlegar með berum augum.

ww=10: þokumóða. Í loftinu eru ákaflega smáir vatnsdropar ^{og} ekki eins margir í rúmmálseiningu og í venjulegri þoku. Loftið er ekki rakt.

ww=11 eða 12, þ.e. lágþoka venjulega gisin og nær ekki hærri frá jörðu en tvo m. eða minna, en 10 m. eða minna á sjó. Þess vegna má sjá yfir þokubreiðuna eða- bakkana. Venjuleg dalalæða eða "kerlingarvella" eru lágþokur, ef efra borð þeirra er ekki hærri en 2 m. frá jörðu. Ef skyggni er minna en 1000 m. þá eru notaðar tölur úr flokki fjögur, þ.e. 42-49. Ef þoka hefir verið á síðustu klst., en það er að léttu til og skyggnið orðið meira en 1 km., skal nota ww=28.

ww=13 er notað ef leiftur sjást í fjarska, en þrumuhljóð hefir ekki heyrzt, einnig er þetta notað fyrir hrævarelda og rosaljós.

ww=18 er notað ef vindhviða eða hryðja (ein eða fleiri) hafa sézt á síðustu klst. Hryðja þýðir snögg og allmikil eða mikil aukning á vindhraðanum samfara skúr eða éli. Snarpar vindhviður má sjá í fjarska jafnvel þótt engin úrkoma sé samfara, vegna þess að vindurinn yfir sjóinn, þyrklar upp ruki, sandi, snjó o.s.frv.

Flokkur 2: (20-29) er notaður, ef úrkoma, þoka eða þrumur hafa verið á síðustu klat., en eru ekki á athugunartíma.

Flokkur 3: (30-39) er notaður um moldrok, sandfok eða skafrenning á athugunarstað og á athugunartíma.

Flokkur 4: (40-49) er notaður, þegar þoka án úrkomu er á athugunarstaðnum eða sjáanleg á athugunartíma. Hæð þokunnar á að vera a.m.k. 2 m. á landi en 10 m. á sjó.

Þoka: Í loftinu svífa örsmáir vatnsdropar. Loftið er rakt og við nánari athugun má jafnvel stundum greina vatnsdropana, sem svífa í loftinu. Litur þokunnar er venjulega hvítleitur eða gráleitur. Varast ber að tilgreina þokuský á fjöllum sem þoku. Þoka er það kallað, þegar þokuskýið nær niður að jörð í sömu eða svipaðri hæð og athugunarstaður.

Í niðarþoku er skyggnið minna en 1000 m. a.m.k. í eina átt. Ef þokunni fylgir úði (súld) skal nota tölu úr flokki 5, þ.e. tölubá frá 50-59, sem bezt hæfir. Með skyggnistölunni er þá gefið til kynna hvort þoka er samfara úðanum eða ekki.

Ef samfara þokunni er regn skal nota tölu úr flokki 6, þ.e. tölu þá frá 60-69, sem bezt hæfir.

Hrímboka er táknuð með tölunum 48 eða 49. Þokan er rök og hráslagaleg og hitinn er þá um eða undir frostmarki.

ww=48 eða 49 er eingöngu notað, þegar ísing eða glerungur myndast vegna þokunnar.

Flokkur 5: (50-59) er notaður, þegar úði eða súld er á athugunartíma. Í úðanum eru droparnir smáir og oft svo að erfitt er að greina þá (þvermál minna en 0.5 mm.) Úði vætir alltaf, og ef hann vætir mikið, er hann talinn þéttur. Súld hefir því nær sömu merkingu og úði, en venjulega fylgir henni þoka, (sbr. þokusúld) - og á Norðurlandi oft kalsaveður. Varast ber að kalla litla rigningu úða. Úði fellur ekki í skúraveðri.

ww=56 eða 57 táknar að úðinn frýs, þegar hann fellur til jarðar og myndar þá ísingu.

ww=58 eða 59 táknar rigningu með úða, þ.e. örsmáir og stórir regndropar samtímis.

Flokkur 6: (60-69) er notaður um regn, sem fellur á athugunartíma. Þetta regn getur verið óslitið eða með uppstyttum, lítilsháttar, talsvert eða mikið. Athugunarmenn verða að gera sér ljósan mismuninn á rigningu og skúrum, og eins á snjókomu og éljum. Í skúra-eða éljaveðri er himininn hulinn skýjaklökkum eða bólstrum ($C_L=2, 3, 8$ eða 9). Venjulega má þó sjá í heiðan himinn á milli þessara skýja eða a.m.k. eftir að skúrin eða élið hefir gengið hjá.

Með rigningu eða snjókomu eru venjulega slæðumynduð ský eða þykkni, ($C_L=5, 6, 7, C_M=1, 2$ eða 7) þ. e. lág flákaský, regn-eða snjóský og miðlungs há blikuþykkni og regnþykkni. Einnig getur rignt eða snjóað úr miðlungs háum bliku-eða regnþykknum, án þess að nokkur lágský séu samfara. Í rigningu eru droparnir venjulega stærri en 0.5 mm að þvermáli.

ww=66 eða 67 táknar regn, sem frýs um leið og það fellur til jarðar og myndar þá ísingu.

ww=68 eða 69 táknar slyddu, þ.e. rigningu og snjó. Í úrkomunni eru þá regndropar og snjóflyksur til skiptis.

Flokkur 7: (70-79) er notaður, þegar snjókoma er á athugunartíma. Í greininni "Flokkur 6" var skýrt frá þeim skýjum, sem fylgir snjókomu og eins var gerður greinarmunur á snjókomu og éljaveðri.

Snjókoma er takin, þegar snjórinn fellur niður í flyksum (misjafnlega stórum) og er þetta táknað með tölunum 70-75. Þessar tölur á einnig að nota, þó að snjóflyksurnar séu að bráðna í fallinu.

ww=76: Isnálar kallast sveimur af örsmáum glitrandi ísögnum, sem einkum sjást í björtu veðri og nær eingöngu til háfjalla eða í heimskautalöndunum. Stundum sést með þeim baugur (halo) um sól eða mána.

ww=77: Kornsnjór (snjóslitringur) líkist nokkuð snæhagli að því leyti að kornin eru hnöttótt eða keilumynduð. Kornin eru samt minni en snæhaglkornin (þvermál venjulega minna en 1 mm.) Þau hoppa ekki, þegar þau mæta hörðu í fallinu og ekki sundrast þau. Venjulega fellur lítið af kornsnjónum í einu og þá oftast úr þokuskýjum eða þoku, ("frosinn úði", sallandi). Kornsnjórinn er aðallega myndaður úr ísnálum eða sexhyrndum stjörnum, sem hafa fengið á sig héluhjúp við það að falla gegnum hrímþoku. Kornsnjór fellur aldrei í éljaveðri.

ww=78: Snjóstjörnur (einstakar) falla til jarðar.

ww=79: Ískorn eru gagnsæjar, hnöttóttar og harðar ísagnir, (þvermál um 1-4 mm.) Þau hoppa, þegar þau mæta hörðu í fallinu. Ískornin eru mynduð úr regndropum, sem frjósa við það að falla gegnum kalt loftlag við yfirborð jarðar.

Úrkoman (úði, regn, snjócoma) er talin með uppstyttum ef einhverntíma hefir stytt upp á síðustu klst. Annars telst hún óslitin.

Flokkar 8 og 9: (80-99) eru notaðir um skúra-eða éljaveður (80-90) og þrumuveður (91-99).

Snæhagl (kornél): Hvít ógagnsæ korn; (þvermál 2-5 mm.). Þau líkjast nokkuð hagli að því leyti, að kornin eru hnöttótt eða kúlumynduð, en þau eru stíð snjóhvít, þurr og mjúk eða háflaus í sér, svo þau hoppa stundum upp eða sundrast, þegar þau mæta hörðu í fallinu.

Snæhaglið er bæði þéttara í sér og harðara en venjulegt kafald. Hins vegar mýkra en hagl og ekki með íshúð á ytra borði.

Snæhagl kemur varla nema hiti sé um eða undir frostmarki, en hagl getur komið í sumarhita. Snæhagl er algengt í útsynningsveðráttu á Suðvesturlandi. Slík él eru táknuð með tölunum 87 eða 88. Eru þau nefnd kornél og eru menn beðnir að gera greinarmun á þeim og íshagl-éljum.

Hagl: Kornin nærri hnöttótt eða kúlumynduð, (þvermál um 2-5 mm.), oft með þunna hálfglæra ísskorpu á ytra borði en snjókjarna (snæhagli) innani. Haglið fellur oftast í hryðjum og getur komið, þótt hitinn sé mikið yfir frostmarki. Oft rignir samtímis eða haglkornin eru að bráðna og verða því vot og krapakennd, þegar þau falla til jarðar. Hagl er algengt í útsynningi, einkum haust og vor. Sömuleiðis í þrumuveðri.

Íshagl: Þegar haglkornin eru mjög stór, (þvermál meira en 5 mm.), svo að þau valda skemmdum á jarðargróðri, brjóta rúður o.s.frv., eru þar nefnd íshagl til aðgreiningar frá venjulegu hagli. Slíku hagli fylgir ávalt mikið þrumuveður, og hiti er aldrei undir frostmarki. Stundum eru ísmalarnir glærir, stundum myndaðir af snjó-og íslögum á víxl. Mjög sjaldgæft hér á landi.

Tölurnar 80-99 eru aðeins notaðar, þegar úrkoma kemur í skúrum eða éljum (undantekning er 98=þrumuveður samfara moldroki eða sandfoki), og stendur einmitt yfir á athugunartíma. Ef skúrin eða élið er nýlega um garð gengið, má nota eina töluna 25-27. Í skúra eða éljaveðri er loftið oftast rosalegt með stórum bólstrum, klökkum og skúraflökum, sem öðru hvoru kasta úr skúrum eða éljum en greiðast sundur þess á milli (skúraskin). Á Suður-og Vesturlandi er algengt að kalla slíkt veðurlag "útsynning", af því að það fylgir oftast útsunnan átt (suðvestan átt). Ef snarpar vindhviður (vindbyljir) fylgja úrkomunni, er hún oftast kennd við hryðjur (regn-og haglhryðjur, einnig hríðarbylur og haglbylur). Snjócoma og hvassviðri kallast hríð norðanlands en bylur á Suðurlandi.

Skúra-eða éljaveður verður oft, þegar votviðri eða hríðargarður er að ganga niður. En skúrir eða dembur geta einnig myndast í góðviðri, einkum í innsveitum (hitaskúrir, fjalladembur). Geta þær komið í lygnu veðri og án þess að vindhviður fylgi, og staðið allengi yfir.

Töluna 82 á aðeins að nota um hellidembur. Slíkar skúrir eru frekar sjaldgæfar hér á landi en tíðar í hitabeltislöndum.

Fjórða orð PPPTT

PPP táknar loftþrýstinginn á athugunartíma. Hann er gefinn í millibörum. Ef loftvog á athugunarstað er með millímetra-kvarða, skal síma loftþrýsting í millímetrum.

Hlutfallið milli millibars og millímetra er 4:3.

Dæmi: Ef loftþrýstingur er 750.0 mm., er hann í millibörum:

$$\frac{750 \times 4}{3} = 1000 \text{ millíbar}$$

Hlutfallið milli mm. og mb. sést nokkuð af þessum samanburði:

720 mm.	svara til	960 mb.
750 "	"	1000 "
780 "	"	1040 "

Þar sem loftvog er með millíbar-kvarða, skal lesa loftvogina í heilum og tíunduhlutum millibars og leiðrétta eftir töflu. Í skeytinu er svo loftvogin tilgreind í tugum, heilum og tíunduhlutum en 9 eða 10 sleppt framan af (7 er sleppt þegar loftvog er með millímetra kvarða).

Dæmi: Loftvogin leiðrétta:	953.7 mb.	skrifað í skeyti	537
"	999.9 "	"	999
"	1000.0 "	"	000
"	1010.1 "	"	101
"	1039.9 "	"	399

Varast ber að láta loftvog verða fyrir snöggum hitabreytingum, sérstaklega um athugunartíma. Sól má ekki skína á hana.

TT táknar hitann í heilum stigum á athugunartíma. Þessi hiti er lofthitinn, sem er lesinn á "purra" hitamælinn í hitamælubúrinu. Hitinn er lesinn í heilum stigum og tíunduhlutum, en tilgreindur í veðurskeytinu í heilum Celsíusstigum. Tæplega hálfu stigi (0.1-0.4) er þá sleppt, en rúmlega hálfu stigi (0.5-0.9) reiknað sem heilt stig eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Þegar frost er, á að leggja 50 við stigatöluna.

Mælirinn sýnir.	Símað.	Mælirinn sýnir.	Símað.
0.0 stig	00	- 0.1 stig	50
0.2 "	00	- 0.2 "	50
0.4 "	00	- 0.4 "	50
0.5 "	01	- 0.5 "	51
0.7 "	01	- 0.7 "	51
1.2 "	01	- 5.3 "	55
1.5 "	02	- 5.8 "	56
2.2 "	02	- 9.9 "	60
2.5 "	03	-13.4 "	63
3.2 "	03	-13.5 "	64
3.5 "	04	-19.9 "	70
5.5 "	06	-20.4 "	70
5.8 "	06		
9.9 "	10		o.s.frv.
13.4 "	13		
13.5 "	14		
19.9 "	20		
20.4 "	20		

Þetta gildir eins um daggarmarkið. Þegar daggarmarkið er lægra en 0°, skal bæta 50 við stigatöluna.

5. orð. $N_h C_L h C_M C_H$

N_h þýðir, hve mikið af himni er hulið skýjum fyrir neðan 2500 m. Þetta verður því annaðhvort lágský (C_L) eða miðský (C_M), venjulegast ($C_M=2$), og er hæðin á þessum skýjum táknuð með stafnum h.

Skeytastafur

- 0 þýðir: Engin ský á lofti fyrir neðan 2500 m.
- 1 " Vottur af lágskýjadrögum fyrir neðan 2500 m.
- 1 " 1/8 af himni er byrgður skýjum fyrir neðan 2500 m.
- 2 " 2/8 " " eru byrgðir " " " " (1/4 skýjað)
- 3 " 3/8 " " " " " " " " "
- 4 " 4/8 " " " " " " " " (hálf-skýjað)
- 5 " 5/8 " " " " " " " " "
- 6 " 6/8 " " " " " " " " (3/4 skýjað)
- 7 " 7/8 " " " " " " " " "
- 7 " Meira en 7/8 af himni eru byrgðir skýjum fyrir neðan 2500 m. Ekki alskýjað.
- 8 " 8/8 af himni eru byrgðir skýjum fyrir neðan 2500 m. Alskýjað.
- 9 " Sér ekki til lofts vegna þoku, moldroks, ösku eða af öðrum orsökum.

Skýjahuluna (N_h) á eingöngu að miða við þau ský, sem skýjahæðin (h) er talin til. Þegar sést til lofts í gegnum þoku, er reynt að athuga skýin út af fyrir sig eins og engin þoka væri, og telst hún ekki með í skýjahulunni (N_h eða N). En ef ekki sér til lofts, er skýjahulan (N_h og N) táknuð með 9. Þá er og hæðin (h) talin 0.

Þótt alskýjað sé fyrir ofan 2500 m. skal setja $N_h=0$, ef engin ský eru þar fyrir neðan, þá er og hæðin $h=9$.

Ekki skal tekið of mikið tillit til skýja, sem eru úti við sjóndeildarhringinn. Magn þeirra er venjulega ofmetið.

Ef skýjatrefjar eru fyrir neðan lágský eða lág miðský, en þessar trefjar hylja minna en 2/8 af himni, skal ekki tákna þær með N_h né tilgreina hæðina til þeirra, heldur skal þeirra sérstaklega getið í áttunda orði samkvæmt leiðbeiningum, sem lúta þar að. Ef 3/8 eða meira af himni eru byrgðir lágskýjum og samfara þessu eru lág miðský fyrir neðan 2500 m., skal gefa lágskýin til kynna með N_h og h en hæð og magn lágu miðskýjanna þar fyrir ofan skal tekið fram í áttunda orðinu ($8N_h C_h s_h s_s$).

Skeytastafur fyrir N_h getur verið jafnhár og fyrir N en aldrei hærri.

CL: Útlit og tegund lágskýja (sjá skýjamyndir).

~~Skýja-~~
Skýjastafur.

Engin lágský sýnileg	0	
Bólstrar með eða án flákaskýja.	Góðviðrisbólstrar, hnoðrar. Engin úrkoma samfara (sjá skýjamynd L 1)	1
	Stórir bólstrar (klakkar) en ekki með kembdum kollum. Stundum eru þessi ský samfara flákaskýjum eða góðviðrisbólstrum, en neðra borð allra þessara skýja er þá jafnhátt frá jörðu. Útlit bólstranna er ekki ósvipað blómkálshausum. (Stundum eru skúrir eða él samfara þessum skýjum. Fjallaskúrir eða skúra-leiðingar.) (Sjá skýjamyndir L 2a, L 2b)	2
	Skúraflákar eða himinháir klakkar, en ekki með kembdum kollum. Venjulega samfara skúra-eða éljaveðri. Með þessum skýjum eru stundum minni bólstrar, flákaský eða slæðuský. Á klökkunum er ekki steðjalögun, heldur lopar eða bólstrar, sem gnæfa venjulega yfir öll önnur ský, nema blikuský. (Sjá skýjamynd L 3a)	3
Flákaský.	Flákaský, mynduð af bólstrum, sem fletjast út og renna saman á neðra borði (mynd L 4a) eða í kollinn (mynd L 4b). Ský þessi myndast oft síðdegis á góðviðrisdögum (venjulega engin úrkoma)	4
	Þykkni af flákaskýjum (mynd L 5a) eða þokuský (mynd L 5b). Ath: Þessi ský eru ekki mynduð úr bólstrum, sem renna saman. (Úr þessum skýjum getur komið úrkoma og er hún venjulega smágerð)	5
Þokuský eða þoku-og flákaský saman. (Sjá mynd L 5c). Oft eru þetta frekar lág ský og ekki ósvipuð þoku á að sjá. (Úr þessum skýjum kemur stundum smágerð úrkoma, úði eða kornsnjór)		6
Regnský eða snjóský, lágur og úfnar skýjabreiður, sem jafnan eru samfara úrkomu og hrakviðri. Fyrir neðan blikuþykknið ($C_M=2$) eru oft skýjasliturur, dökkar og úfnar útlits. Þessi ský eru kölluð "vindhragnar". Stundur er loftið alskýjað af lágum illviðrisskýjum, en venjulega er þó hægt að sjá blikuþykknið fyrir ofan. (Sjá skýjamynd L 6)		7
Góðviðrisbólstrar eða stórir bólstrar (klakkar) ásamt fláka- eða þokuskýjum, sem ekki hafa myndast úr bólstrunum. Neðra borð bólstranna og fláka- eða þokuskýjanna ekki í sömu hæð. Stundum er skúra- eða éljaveður samfara þessum skýjum. (Myndir L 7 og L 8).		8
Stórir bólstrar, himinháir klakkar með kembdum kollum oft með steðjalagi. Samfara þessum klökkum geta líka verið minni bólstrar, flákaský eða illviðrisský (vindhragnar), og er neðra borð skýjanna í mismunandi hæð frá jörðu. Skúra og éljaveður og jafnvel þrumuveður er oftast samfara þessum skýjum. (Sjá skýjamyndir L 3b, L 3c, L 9a, L 9b)		9
Ef ekki sjást lágský vegna þoku eða annara orsaka		X

Ef þoka er á staðnum, en sést til lágskýja í gagn um hana, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er.

h: Hæðin til lægstu skýja, sem tilgreind eru með N_h

Hæð neðra borðs skýjanna frá jörðu	h
0- 50 m.	0
50- 100 "	1
100- 200 "	2
200- 300 "	3
300- 600 "	4
600-1000 "	5
1000-1500 "	6
1500-2000 "	7
2000-2500 "	8
Meira en 2500 eða heiðríkt (engin ský) .	9

1. Lóðrétta hæðin frá athugunarstað upp að lægsta skýjaborði er venjulega köllum "skýjahæðin".

2. Með h er tilgreind hæðin upp að lágskýjum þeim, sem gefin eru til kynna með N_h .

3. Ef lágskýin eru misjafnlega hátt frá jörðu, er tilgreind hæðin til þeirra lægstu.

4. Ef skýjatrefjar (minna en 2/8) eru undir stærra skýjalagi og neðra borð þessaskýjalags er undir 2500 m. hæð, þá er skýjahúla þessi gefin til kynna með N_h og hæðin á henni með h, en skýjatrefjunum sleppt. Þær eru síðan tilgreindar í sérstöku orði, sem byrjar á 8.

5. Ef niðarpoka er yfir staðnum, er $h=0$. Ef ský sjást gegnum þokuna, er hæðin á þeim tilgreind eins og engin þoka væri.

6. Ef hægt er að mæla skýjahæðina (en það skal gert, hvar sem því verður við komið), er hún tilgreind í sérstöku orði aftur í skeytinu (sjá skýringar á skeytaorði 8).

7. Ef ekki er hægt að mæla hæð skýjanna við fjöll, tinda eða önnur hæðarmerki, má oft gizka nokkurn veginn rétt á hana með því að athuga skýjafarið: Lægri ský virðast hreyfast hraðar en ský, sem eru herra.

a. Neðra borð lágskýja (C_L) er venjulegast undir 2500 m.

$C_L = 1, 2, 3$ eða 4: Skýjahæð venjulega um 500-1500 m.

$C_L = 5$: Þunn flákaský " " " 700-2500 "
 Þétt " " " 300-1000 "

$C_L = 6$ og 7: Skýjahæðin venjulega um 50-500 m.

b. Neðra borð miðskýja (C_M) er venjulegast í 2500-5000 m. hæð.

$C_M = 1$: Þunnt og ljósleitt blikubykkni. Skýjahæð meira en 2500 m.
 $h=9$.

$C_M = 2$ eða 7: Þykkt og gráblátt blikubykkni. Skýjahæðin er stundum meiri en 2500 m. og stundum minni, en sjaldan minni en 2000 m.

c. Háský (C_H): Hæð þeirra venjulega yfir 5000 m.

CM: Útlit og tegund miðskýja (sjá skýjamyndir)

Skeytastafur.

Engin miðský á lofti (hvorki blikuþykkni né netjuþykkni)		0
Bliku- þykkni, (grá- blika).	Punnt og ljósleitt blikuþykkni, (gráblika), mótar fyrir sól eða mána í gegnum. Stundum úrkoma samfara, (sjá mynd M 1)	1
	Þykkt og gráblátt blikuþykkni eða regnþykkni, sem byrgir sól eða mána, samt má stundum sjá glætu með köflum. Oft úrkoma samfara, (sjá mynd M 2)	2
Netju- þykkni, (Maríu- tása).	Netjuský eða há og ljósleit flákaský. Skýjabreiðan virðist öll í sömu hæð og tekur ekki skjótum breytingum, (sjá mynd M 3)	3
	Netjuþykkni í smábreiðum eða böndum, sem breyta sífellt útliti eða virðast vera hvert yfir öðru eða í mismunandi hæð, (stundum vindskafin með jöfnu yfirborði og ljósum eða sólgyltum jöðrum "bylgjuský"). (Myndir M 4a, b, c.)	4
	Netjuþykkni eða blikuhnoðrar í aðgreindum en þykkum, reglulegum böndum, sem slær upp á loftið hvert af öðru og þykknar. (Stundum eru tvö bandlög annað efra hinu). (Myndir M 5a og M 5b)	5
	Netjuþykkni, sem myndast af bólstrum (eða klökkum), sem fletjast út og hjaðna. (Mynd M 6)	6
	Eitthvað af þessum þrem skýjategundum: a) Netjuþykkni í tveim skýjalögum og ekki vaxandi. (Mynd M 7b). b) Þétt netjuþykkni, sem líkist regnþykkni á köflum, en ekki vaxandi. (Mynd M 7c). c) Netjuþykkni og blikuþykkni annaðhvort í sömu eða misjafnri hæð, (stundum úrkoma samfara). (Mynd M 7a) .	7
"Netjubólstrar" . Netjuþykkni með toppum upp úr, sem líkjast smáum bólstrum. (Sjá mynd M 8a og b)		8
"Netjuhroði". Fleiri lög af netjuskýjum, hvert yfir öðru, venjulega samfara blikuböndum. Veit oft á þrumuveður . (Mynd M 9a og b)		9
Ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvort nokkur miðský eru, vegna myrkurs, þoku eða vegna þess að alskýjað er af lágskýjum		X

Ef miðský sjást yfir þoku, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er. Nánari lýsing á öllum þessum skýjategundum fylgir skýjamyndunum.

CH: Útlit og tegund háskýja, (klósigar og blikur).

Skeytastafur

Engin ský sýnileg, sem líkjast bliku eða klósigi 0

Blikutrefjar. (Fjaðurský). Mjóar og strjálar blikutrefjar, sem aukast ekki ... 1

Algeng í góðviðrum. Mjóar og drifhvítar blikurákir víða um loftið, en mynda þó ekki samfellda hulu og virðast ekki aukast. (Skýjamynd H 2) 2

Þéttir, oft steðjalaga blikubrúskar, sem oftast eru myndaðir úr földum og kollum á skúraflókum eða steðjaskýjum ($C_T=9$). Algeng í skúra- eða éljaveðri eða þrumuveðri. (Skýjamyndir H 3a eða 3b) ... 3

Klósigar eða blikur, sem hækka á lofti. Mjóar blikutrefjar, sem slær upp á loftið, þykkna og aukast. Oft með krók eða brúsk í endann. ("Vatnsklær"). (Skýjamynd H 4) 4

Vaxandi klósigar- og blikubakki eða blika, sem slær upp á loftið, en blikubakkinn hefir ekki ennþá náð miðja vegu milli sjóndeildarhrings og hálofts (45° yfir sjóndeildarhring), stundum í aðgreindum böndum, (klósigi). (Skýjamynd H 5) 5

Vaxandi klósigar- og blikubönd eða blikuhula, sem er komin meira en 45° yfir sjóndeildarhring, en hylur ekki allt loftið. Þykknar venjulega um leið og hún dreifist um loftið. Stundum rosabaugur um sól eða mána. (Skýjamynd H 6) 6

Blikuhula um allt loftið. Venjulega rosabaugur (halo) um sól eða mána. (Skýjamynd H 7) 7

Blikuhula, sem hylur ekki allt loftið og breiðist ekki út (vindblika). Hulan nær niður að sjóndeildarhring á einum eða fleiri stöðum, en andspánis er himininn venjulega heiðskír eða með smágerðum fjaðurskýjum (Skýjamynd H 8) 8

"Blikuhnoðrar" (dröfnu- eða netjuský) eða blikuhnoðrar með bliku- eða fjaðurskýjum, og ber þá mest á blikuhnoðrum (Skýjamynd H 9) . 9

Ekki hægt að sjá, hvort nokkur háský eru á lofti X

Ef háský sjást gegnum þoku, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er.

6. orð.

6Eapp (Sent klukkan 08 og 17 ísl. meðaltími).

6axapp (Sent klukkan 02,05,11,14,20 og 23 ísl. meðaltími).

6: Einkennisstafur orðsins.

E: Jarðlag, snjóalög, bleyta o. fl.

Skeytastafur.
E

Jörðin er alauð og þíð.	Purrt í rót	0
	Vott (rakt) í rót	1
	Vatnselgur, flóð eða mikill vatnsagi. (Pollar og lón myndast).....	2
